

Nd.

866. Breytingartillögur

[205. mál]

við frv. til l. um Seðlabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, ÓE, HBl, GHG).

1. Við 6. gr. 1. másl. 1. mgr. orðist svo: Seðlabankinn tekur við innlánnum frá innlánsstofnunum en til þeirra teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar stofnanir og félög sem heimilt er lögum skv. að taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.
2. Við 8. gr.
 - a. 1. mgr. orðist svo:

Pegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn ákveðið með samþykki ráðherra að innlánsstofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum er nemi tilteknu hlutfalli hjá hverri stofnun af ráðstöfunarfé hennar. Með ráðstöfunarfé í lögum þessum er átt við allt það fé sem innlánsstofnun hefur til útlána. Þó er heimilt að undanskilja tiltekna flokka útlána að fengnu samþykki ráðherra.
 - b. 3. mgr. orðist svo:

Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar að fengnu samþykki ráðherra.
3. Við 9. gr. Greinin falli brott.
4. Við 10. gr. 2. mgr. orðist svo:

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvæðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærrí en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána.
5. Við 11. gr. 2. másl. 1. mgr. orðist svo: Skulu innlán ríkissjóðs geymd í Seðlabankanum eftir því sem við verður komið.
6. Við 17. gr. A- og b-liðir falli brott.
7. Við 18. gr. 1. másl. 5. mgr. orðist svo: Kröfur, athugasemdir og fyrirhugaðar aðgerðir bankaeftirlitsins skv. þessari grein skulu þegar í stað tilkynntar ráðherra, bankaráði hlutaðeigandi viðskiptabanka og félagsstjórn sé um aðra innlánsstofnun að ræða.
8. Við 20. gr. Í stað orðanna „Auk Seðlabankans hafa viðskiptabankar og sparisjóðir rétt til að versla með erlendan gjaldeyri“ komi: Auk Seðlabankans hafa viðskiptabankar, sparisjóðir og Lánastofnun sparisjóðanna rétt til að versla með erlendan gjaldeyri.
9. Við 42. gr. Greinin orðist svo:

Í reglugerð, sem ráðherra gefur út að fengnum tillögum bankaráðs, skal setja nánari ákvæði um starfsemi bankans í samræmi við lög þessi, þar á meðal skal ákveða viðurlög í formi dagsekta og refsivaxta sé ákvörðunum bankans ekki hlítt.
10. Við ákvæði til bráðabirgða bætast tvö ný ákvæði:
 - a. Seðlabankinn ákveður hæstu leyfilega dráttarvexti, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., uns sett hafa verið sérstök lög um dráttarvexti o.fl.
 - b. Við ákvörðun á greiðslu hagnaðar Seðlabankans í ríkissjóð á árinu 1986, sbr. 37. gr., skal miða við helming af meðalhagnaði bankans árin 1985 og 1984 og endurmeta hagnað ársins 1984 til verðlags ársins 1985.